

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b- og c-liðar 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,450% af fasteignamati.

Gjaldagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

2. gr.

Aukavatnsskattur sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

A) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 33 pr. m³.

B) Vatn til skipa kr. 296 pr. m³. Lágmarksgjald kr. 3.092.

C) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 40.

Af hverri smálest fiskjár lagðri upp í bræðslu kr. 84.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski kr. 110.

D) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 32.904 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

3. gr.

Mælaleiga fyrir:

Að 40 mm mæli kr. 4.326 á ári

40-49 mm mælir kr. 5.521 á ári

50-74 mm mælir kr. 7.701 á ári

75-99 mm mælir kr. 12.106 á ári

100 mm og stærri mælir kr. 18.696 á ári

4. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. gr. er innheimt ársfjórðungslega eftir á.

5. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400 m³ kr. 159.952. Fyrir hverja 10 m³ umfram 400 m³ kr. 2.309.

6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn/veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotaenda.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 11. desember 2013.

Seyðisfirði, 5. febrúar 2014.

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri.